

Foreldraráðsfundur 13. febrúar kl. 8:10-9:30

Mætt:

Baldur Pálsson (aðstoðarskólustjóri), Birna Helgadóttir (foreldraráð), Kristín Jónína Gísladóttir (foreldraráð), Ólína E. Thoroddsen (aðstoðarskólustjóri), Sigfús Grétarsson (skólustjóri, Grunnskóli Seltjarnarness).

Fundarstaður

Valhúsaskóli

Ritari:

Kristín

Eftirfarandi var rætt:

Heimanám hjá yngri nemendum

Kennarar í Mýrarhúsaskóla hafa fundað einu sinni varðandi heimanám. Kennarar kalla eftir stefnu skólans. Skiptar skoðanir jafnt hjá kennurum og foreldrum. Meðal annars rætt um að minnka heimanám hjá yngstu bekkjum.

Þemadagar

Þemadagar verða í Mýrarhúsaskóla dagana 27. og 28. febrúar og er þemað staðir á heimsminjaskrá.

Þemadagar verða í Valhúsaskóla um í lok mars eða byrjun apríl. Þemað er lífsstíll (gengið út frá nýrri forvarnaráætlun) og er þetta samstarfsverkefni milli Valhúsaskóla og Selsins.

Skíðaferðir verða fyrir nemendur í 7. – 10. bekk og fer síðastnefndi bekkurinn á Dalvík.

Öskudagur

Vel hefur tekist til með að hafa öskudag sem skóladag í Valhúsaskóla. Í athugun er að hafa það einni í Mýrarhúsaskóla.

Piza-könnunin

Sigfús fór á fund þar sem kynntar voru niðurstöður Piza-könnunarinnar og þá sérstaklega hvernig Grunnskóli Seltjarnarness kemur út miðað við aðra skóla. Grunnskóli Seltjarnarness er í meðallagi miðað við aðra íslenska skóla. Skólustjórnendur nefndu að mikilvægt væri að kanna hvernig prófið væri lagt fyrir. Nemendur sýndu könnuninni ekki mikinn áhuga, enda fá þeir engar niðurstöður úr henni þ.e. sjá ekki árangur sinn, og vanda sig því e.t.v. ekki nógu mikið.

Tölvuöryggi – vörn gegn tölvuþrjótum

Stjórnendur GS halda fundi með kennurum til þess að upplýsa þá hvernig auka megi tölvuöryggi. Skólustjóri telur málið afar brýnt.

Uppbyggingastefnan

Leshópar í gangi og einn og einn kennari að prófa sig áfram. Kennarar frá Álftanesi koma til þess að hjálpa fólki að byrja á vinnunni. Stýrihópur heldur utan um verkefnið.

Stjórnumskoðunarfélagið

Stjórnumskoðunarfélagið vill koma og kynna félagið og starfsemina fyrir nemendum í GS. Enn hafa ekki fengist peningar til viðhalds og því ekki hægt að þiggja þetta

góða boð. Rætt um að skólinn sækir um fjármagn til að hægt sé að nota stjórnukíkinn og að það verði gert samhliða átaksverkefni um fyrirmyndaraðstöðu fyrir náttúrufræðikennslu í Grunnskóla Seltjarnarness.

Vetrarfrí hvort og hvenær?

Nýlega var send út rafræn könnun til foreldra þar sem er verið að kanna hug foreldra varðandi vetrarfrí og þá hvenær það ætti að vera.

Launamál kennara

Ákveðið hefur verið að kennarar í GS fái eingreiðslu svipaða því sem annars staðar hefur verið að gerast.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 12. mars kl. 8:10-9:30 í Mýrarhúsaskóla